

**Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn**  
02 905

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun landsbókavarðar .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn  
kt. 701194-3149  
Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík

## Skýrsla og áritun landsbókavörðar

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands og forystusafn íslenskra bókasafna. Safnið er rannsóknabókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

Í safninu eru varðveitt útgefin íslensk hugverk, erlend fræðirit, námsgögn, kort, handrit og einkaskjöl auk hljóðrita, tónlistar, kvikmynda og annars myndefnis.

Safnið sinnir þjónustu við kennslu og rannsóknarstarfsemi Háskóla Íslands og heldur uppi öflugri bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu menntunar, vísinda, atvinnulífs, stjórnsýslu og menningar.

Í þjóðarbókhöðu býður safnið upp á góða vinnuaðstöðu þar sem er greiður aðgangur að safnkostinum. Safnið veitir í sífelld auknum mæli aðgang að stafrænum gögnum á netinu og vinnur að stafrænni endurgerð íslensks menningararfs.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 1284,8 milljónir og afkoma kr. 46,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 110 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 245,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Landsbókavörður staðfestir hér með ársreikning Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík 13. júní 2019

Staður, dags.

Jóni Þór Slemm Sverrisdóttir

Landsbókavörður

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	3	1.018.100.000	946.602.942
Seld þjónusta .....	4	12.330.422	18.376.519
Vörusala .....		537.650	267.619
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	239.760.379	216.295.642
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3	14.044.859	6.316.503
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.284.773.310</b>	<b>1.187.859.225</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	6	644.286.163	602.476.535
Framlög og tilfærslur .....		0	228.000
Annar rekstrarkostnaður .....	7	579.727.993	545.191.258
Afskriftir .....	8	14.044.859	6.316.503
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.238.059.015</b>	<b>1.154.212.296</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>46.714.295</b>	<b>33.646.929</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		107.030	81.554
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(67.861)	(30.904)
		39.169	50.650
<b>Afkoma ársins</b>		<b>46.753.464</b>	<b>33.697.579</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		36.353.464	(54.574.421)
Rekstrartilfærslur .....		10.400.000	88.272.000
Fjármagnstillfærslur .....		0	0
		<b>46.753.464</b>	<b>33.697.579</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	9	408.150	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður .....		42.569.986	37.235.811
Aðrar eignir .....		11.627.239	11.640.924
		<u>54.197.225</u>	<u>48.876.735</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>54.605.375</u>	<u>48.876.735</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		2.784.231	2.935.922
Viðskiptakröfur .....		15.995.029	49.641.083
Tengdir aðilar .....	11	160.164.169	112.470.484
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	12	76.660	151.613
Handbært fé .....	13	11.784.220	29.651.788
		<u>190.804.309</u>	<u>194.850.890</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>190.804.309</u>	<u>194.850.890</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>245.409.684</u>	<u>243.727.625</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	14		
Hrein eign .....		110.039.545	63.286.081
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>110.039.545</u>	<u>63.286.081</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	11	16.137.338	23.267.000
Viðskiptaskuldir .....	15	16.320.452	49.228.021
Ýmsar skammtímaskuldir .....	16	58.080.473	59.069.788
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	17	44.831.876	48.876.735
		<u>135.370.139</u>	<u>180.441.544</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>135.370.139</u>	<u>180.441.544</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>245.409.684</u>	<u>243.727.625</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	18		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		46.753.464	33.697.579
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	14.044.859	6.316.503
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(14.044.859)	(6.316.503)
		<u>46.753.464</u>	<u>33.697.579</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		33.721.007	(1.456.845)
Tengdir aðilar .....		(54.823.347)	(58.077.481)
Birgðir .....		151.691	185.863
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(33.896.884)	40.532.797
		<u>(54.847.533)</u>	<u>(18.815.666)</u>
		<u>(8.094.069)</u>	<u>14.881.913</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		(587.710)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	10	(19.185.789)	(26.397.058)
		<u>(19.773.499)</u>	<u>(26.397.058)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		10.000.000	26.397.058
		<u>10.000.000</u>	<u>26.397.058</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(17.867.568)	14.881.913
		<u>29.651.788</u>	<u>14.769.875</u>
		<u>11.784.220</u>	<u>29.651.788</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.



## Skýringar

	2018	2017
<b>3 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.023.600.000	973.000.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	(5.500.000)	(26.397.058)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	1.018.100.000	946.602.942
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	14.044.859	6.316.503
	<b>1.032.144.859</b>	<b>952.919.445</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrægnum rekstrartekjum .....	1.017.100.000	10.400.000	0	1.027.500.000
Fjáraukalög .....	(4.500.000)	0	0	(4.500.000)
Launbætur .....	600.000	0	0	600.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting .....	(5.500.000)	0	0	(5.500.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.007.700.000</b>	<b>10.400.000</b>	<b>0</b>	<b>1.018.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	(971.346.536)	0	0	(971.346.536)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>36.353.464</b>	<b>10.400.000</b>	<b>0</b>	<b>46.753.464</b>

### 4 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta .....	0	2.000
Verksala .....	702.700	5.745.594
Ýmsar þjónustutekjur .....	6.688.982	7.152.556
Veitinga- og gistipjónusta .....	4.938.740	5.087.360
Fræðslustarfsemi og fundir .....	0	389.009
	<b>12.330.422</b>	<b>18.376.519</b>

### 5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	869.000	909.546
Kostnaðarhlutdeild .....	155.914.360	149.899.816
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	82.977.019	65.486.280
	<b>239.760.379</b>	<b>216.295.642</b>

### 6 Laun og launatengd gjöld

Laun .....	521.681.475	486.300.565
Orlof, breyting .....	2.430.652	5.020.384
Launatengd gjöld .....	118.625.252	109.993.990
Starfsmannakostnaður .....	1.548.784	1.161.596
	<b>644.286.163</b>	<b>602.476.535</b>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	72,1	70,8
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2018	2017
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	26.850.954	26.947.624
Byggingarvörur, almennar .....	1.339.769	2.562.835
Byggingarvörur, aðrar .....	3.360	28.724
Ýmis tæki og áhöld .....	2.186.010	3.395.656
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	297.470	1.021.512
Orkugjafar .....	25.822.189	21.772.621
Matvæli .....	17.223.755	14.698.592
Almennar rekstrarvörur .....	3.719.052	1.979.719
Vörukaup, almenn	77.442.559	72.407.283
Kennslu- og föndurvörur .....	26.610	2.400
Ýmsar sérgreindar vörur .....	1.820.036	2.586.372
Vörukaup, sérgreind	1.846.646	2.588.772
Fundir, námskeið, risna .....	5.491.009	3.304.202
Ferðir, uppihald .....	3.948.106	2.851.027
Akstur .....	736.569	551.804
Sérfræðiþjónusta .....	32.322.311	33.963.783
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	293.726	287.867
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	4.069.421	2.518.790
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	4.512.884	5.372.832
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	51.374.026	48.850.305
Samningsbundin kaup og leiga .....	12.618.592	20.379.242
Afnotagjöld .....	282.885.904	255.573.498
Leigugjöld .....	14.999.922	11.839.924
Notkun véla og flutningatækja .....	2.141.792	1.755.972
Verkkaup .....	66.618.858	63.223.024
Kostnaðarhlutdeild .....	433.209	2.063.145
Tryggingar, lögboðnar .....	4.376.306	4.075.639
Opinber gjöld .....	62.750.995	60.282.102
Tilfærslur .....	149.000	0
Tapaðar kröfur .....	1.561.461	1.943.308
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	448.536.039	421.135.854
Vörukaup I .....	377.032	23.181
Birgðabreytingar, fullunnar vörur .....	151.691	185.863
Vörur til endursölu og birgðabreyting	528.723	209.044
Annar rekstrarkostnaður samtals	579.727.993	545.191.258
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	13.851.614	6.302.818
Aðrar eignir .....	13.685	13.685
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	179.560	0
	14.044.859	6.316.503

## Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
<b>9 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	408.150	0
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2018:		<b>Hugbúnaður</b>
Viðbót á árinu .....		587.710
		<u>587.710</u>
Niðurfærsla ársins .....		179.560
		<u>179.560</u>
Staða 31.12.2018 .....		<u>408.150</u>

### 10 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	42.569.986	37.235.811
Aðrar eignir .....	11.627.239	11.640.924
	<u>54.197.225</u>	<u>48.876.735</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018 .....	56.858.041	11.746.977	68.605.018
Viðbætur á árinu .....	19.185.789	0	19.185.789
	<u>76.043.830</u>	<u>11.746.977</u>	<u>87.790.807</u>
Afskriftir 1.1.2018 .....	19.622.230	106.053	19.728.283
Afskrift ársins .....	13.851.614	13.685	13.865.299
	<u>33.473.844</u>	<u>119.738</u>	<u>33.593.582</u>
Staða 31.12.2018 .....	<u>42.569.986</u>	<u>11.627.239</u>	<u>54.197.225</u>

### 11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	64.872.123	61.841.047
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	44.662.609	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	50.629.437	50.629.437
	<u>160.164.169</u>	<u>112.470.484</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	16.137.338	23.267.000
	<u>16.137.338</u>	<u>23.267.000</u>

### 12 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	37.965
Skattar .....	76.660	113.648
	<u>76.660</u>	<u>151.613</u>

## Skýringar

### 13 Handbært fé

Sjóðir .....	76.310	84.690
Tékkareikningar .....	9.975.903	27.941.731
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	1.732.007	1.625.367
	<u>11.784.220</u>	<u>29.651.788</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 54,9 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til handbærs fjár.

### 14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2018	31.12.2017
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	63.286.081	(21.040.935)
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar .....	0	50.629.437
Afkoma ársins .....	46.753.464	33.697.579
Jöfnuður 31.12. ....	<u>110.039.545</u>	<u>63.286.081</u>

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 50,6 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
<b>16 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	58.080.473	55.649.821
Ógreidd laun .....	0	3.419.967
	<u>58.080.473</u>	<u>59.069.788</u>

### 17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	54.605.375	48.876.735
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	(9.773.499)	0
	<u>44.831.876</u>	<u>48.876.735</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018 .....	48.876.735	0	48.876.735
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	4.500.000	4.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....		5.500.000	5.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	19.185.789	(19.185.789)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	587.710	(587.710)	0

## Skýringar

Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(14.044.859)	0	(14.044.859)
	<u>54.605.375</u>	<u>(9.773.499)</u>	<u>44.831.876</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 5,4 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

## Skýringar

### 18 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði um óákveðin tíma og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu tveggja ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 15,4 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 11,3 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

#### *Óafturkallanleg loford*

Á ekki við

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Á ekki við